

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 75/2003

frá 20. júní 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003 frá 14. mars 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/61/EB frá 19. júlí 2002 um nítjándu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinnna skaðlegra efna og efnablandna (asólitarefni) ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2002/755/EB frá 16. september 2002 um árangur af áhættumati og áætlanir sem miða að því að draga úr áhættu vegna efnisins dífenýleters, oktabrómafleiðu ⁽³⁾ skulu felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XV. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE):

„- **32002 L 0061**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/61/EB frá 19. júlí 2002 (Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 15).“
2. Undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF*“ bætist eftirfarandi liður við á eftir 21. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/838/EB):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 137, 5.6.2003, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 29, 5.6.2003, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 249, 17.9.2002, bls. 27.

„22. **32002 H 0755**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2002/755/EB frá 16. september 2002 um árangur af áhættumati og áætlanir sem miða að því að draga úr áhættu vegna efnisins dífenýleters, oktabrómafleiðu (Stjtið. EB L 249, 17.9.2002, bls. 27).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/61/EB og tilmæla 2002/755/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 21. júní 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. júní 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
P. Westerlund
formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.